

á verðjöfnunargjaldi skv. fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda þer honum að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu líta og þær geta látið í té.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Breytingar þær, sem felast í 3.—8. gr. frá eldri ákvæðum, skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. febrúar 1977. Tímabil það, sem líður frá samþykkt laganna, skulu aðilar nota til að koma sér saman um ýmis framkvæmdaatriði, sem ekki er búið að ganga frá, svo sem yfirfærslu eigna, ráðningu starfsfólks, fyrirkomulag á afhendingu og móttöku mjólkur og greiðslu á andvirði varanna og önnur slík atriði, sem nauðsynlegt er að semja um.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 600 milljónum króna, eða jafngildi allt að 9 milljóna gyllina, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónum króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni, og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.